

LÖG

um sölu kristfjárjarðarinnar Utanverðuness í Sveitarfélaginu Skagafirði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Stjórn Utanverðunesslegats í Sveitarfélaginu Skagafirði er heimilt að selja ábúanda kristfjárjarðarinnar Utanverðuness í Sveitarfélaginu Skagafirði jörðina Utanverðuness.

Verð jarðarinnar, mannvirkja og ræktunar á henni fer eftir því sem um semst en ella skal það ákveðið af dómkvöddum matsmönnum.

Andvirði jarðarinnar skal renna til Utanverðunesslegats. Ráðstöfun eigna legatsins, verði það leyst upp, skal háð samþykki félagsmálaráðuneytisins, sem leitar umsagnar sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar, og vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárjarða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. mars 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Árni Magnússon.